


# Pegar Henry Gray kom fyrst í læknadeild Háskóla Íslands



Örn Bjarnason

Í ÁRBÓK Háskólans fyrir háskólaárið 1911-1912 er þess getið að í líffærafræði kerfa hafi Guðmundur Hannesson notað við kennsluna *Grundriss der Anatomie* eftir Richter. Næsta skólaár segir að í líffærafræði svæða hafi Guðmundur notað *Lehrbuch der Topographischen Anatomie* eftir Corning. Í Árbókinni fyrir árin 1913-1914 er beggja fyrrnefndra bóka getið og þá er einnig getið um líffæramyndir [*Atlas der Anatomie*, þrjár útgáfur] eftir Spalteholz, Toldt og Broesike. Þá er nefnd *Lehrbuch der normalen Anatomie* eftir Broesike og virðist hún ásamt svæðalýsingum Cornings hafa verið aðal kennslubókin frá því. Er á líður hverfa allveg úr Árbók Háskólans frásagnir af því hvaða kennslubækur voru notaðar í greininni.

Önnur heimsstyrjöldin kom í veg fyrir áframhaldandi viðskipti við Þýskalaland og því hefir Jón Steffensen þurft að taka upp nýja kennslubók í líffærafræðinni. Snorri Páll Snorrason kom í deildina haustið 1941. Hann hafði Broesike frá föður sínum, Snorra Halldórssyni héraðslækni í Síðuhéraði. Snorri Páll keypti síðan *Gray's Anatomy* þegar pöntunin barst til landsins og ritaði í bókina dagsetninguna: 1. desember 1941.



Höfundur var ritstjóri Læknablaðsins 1976-1993. Hann er að mestu hættur lækningum og vinnur nú að undirbúningi að útgáfu á norrænum lækningahandritum frá miðöldum og skýringum á þeim. Teikningin er úr Stúdentablaðinu frá námsárum Arnar um 1960.

## Aldarminning Jóns Steffensen

Í febrúar 2005 er öld liðin frá fæðingu Jóns Steffensen. Af því tilefni verður haldin ráðstefna í minningu hans dagana 18. og 19. febrúar í Þjóðarbókhöðunni. Jafnframt verður opnuð sýning í safninu sem helguð er minningu Jóns. Hans verður einnig minnst hér í blaðinu.

HENRY GRAY F.R.S., F.R.C.S. fæddist árið 1827. Ekkert er vitað um fyrstu æviár hans eða menntun. Í maí 1845 innritaðist hann sem „perpetual student“ við St. George's Hospital, London og honum er svo lýst að hann hafi verið „a most painstaking and methodical worker, and one who learnt his anatomy by the slow but invaluable method of making dissections for himself“.

Árið 1848, meðan hann var enn stúdent, vann hann verðlaun The Royal College of Surgeons fyrir ritgerð byggða á samanburðarrannsóknum hans á byggingu augans í manningum og öðrum hryggdýrum. Árið 1852 var hann kosinn Fellow of the Royal Society og árið eftir vann hann Astley Cooper verðlaunin fyrir ritgerð um miltað. Hann kenndi líffærafræði við St. George's Hospital og var forstöðumaður líffærasafnsins. Hann sendi frá sér fyrstu útgáfu líffærafræðinnar sem síðan hefir verið við hann kennd, *Gray's Anatomy*, árið 1858. Sú útgáfa var 750 síður, með 363 ágætum myndum eftir vin hans, Dr. Vandyke Carter, sem áður hafði kennt líffærafræði við St. George's Hospital. Gray gekk frá annarri útgáfu árið 1860. Árið eftir sótti hann um stöðu aðstoðarskurðlæknis á spítalanum, en þá um sumarið annaðist hann frænda sinn sjúkan og smitaðist við það af bólusótt sem varð honum að aldurtíla.

*Gray's Anatomy* var stöðugt endurskoðuð og endurbætt og 28. útgáfan sem út kom 1942 var 1558 síður og myndirnar voru orðnar 1306.

Breski læknirinn og prófessorinn Anthony Gray.